

AUGLÝSING

7
25. ján.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vík, nr. 23 5. febrúar 1951.

Auk heimildar til hækkunar í V. kafla gjaldskrárinnar, er hreppsnefnd heimilt að hækka gjöld samkvæmt lið B-2 í I. kafla um 50% og gjöld samkvæmt öðrum liðum I. kafla um 25%, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

8
26. jan.

um bann við heyflutningi.

Með tilvísun til 43. gr. laga nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er hér með bannað með öllu að flytja hey úr sveitum, þar sem garnaveiki í sauðfé hefur orðið vart til staða, þar sem garnaveiki í sauðfé hefur ekki gert vart við sig, nema sérstakt leyfi sauðfjársjúkdómanefndar komi til í hvert sinn. Hið sama gildir um heyflutning inn á fjárlaus svæði, þar sem niðurskurður sauðfjár hefur átt sér stað.

Brot gegn þessu banni varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi samkvæmt ákvæðum sömu laga.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

9
28. jan.

um bann við eldi refa og minka í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Bannað er að ala refi og minka í Sauðárkrókskaupstað. Séu loðdýrabú rekin í bænum, er reglugerð þessi tekur gildi, skal dýrunum lógað tafarlaust, enda greiði bæjarsjóður skaðabætur til eiganda, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Þegar reglugerð þessi hefur tekið gildi, felur bæjarstjórn bæjarstjóra að rannsaka hversu mörg loðdýrabú séu í bænum. Geri hann síðan ráðstafanir til, að farið sé með þau bú, er til kunna að vera, svo sem fyrir er mælt í fyrstu grein.